

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi Áslands - Grísaness, 2. áfanga, Erluás 40.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 24. janúar 2007 breytingu á deiliskipulagi Áslands - Grísaness, 2. áfanga, Erluás 40 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að eftirfarandi byggingarreitur fyrir gróðurskála er staðsettur austan megin við núverandi byggingu að Erluás 40 og nær hann 2,5 m að austur lóðamörkum. Byggingarmagn á lóð eykst úr 219,8 m² í 235 m² og nýtingarhlutfall lóðar breytist úr 0,40 í 0,45. Farið var með breytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs, 30. mars 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 18. apríl 2007